

Aukafundur í skólaráði Fossvogsskóla 30. september 2020 kl. 16:00 – samráð milli skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og skólaráðs Fossvogsskóla um framkvæmdir í skólanum á undanförunum mánuðum

Mætt: Helgi Grímsson (SFS), Soffía Vagnsdóttir (SFS), Ámundi V. Brynjólfsson (USK), Agnar Guðlaugsson (USK), Kristinn J. Gíslason (USK), Kristján Sigurgeirsson (USK), Árný Sigurðardóttir (HER), Rósa Magnúsdóttir (HER), Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir (NÍ á Akureyri), Indriði Níelsson (Verkís), Agnar Freyr Helgason (foreldri), Karl Óskar Þráinsson (foreldri), Helena Rósa Róbertsdóttir (Fossvogsskóli), Guðrún Þorsteinsdóttir (Fossvogsskóli), Halla Gunnarsdóttir (Fossvogsskóli), Árni Freyr Thorlacius Sigurlaugsson (Fossvogsskóli), Ingibjörg Ýr Pálmadóttir (Fossvogsskóli) er jafnframt ritari fundargerðar

Dagskrá: Málefni húsnæðis Fossvogsskóla

- Fulltrúi frá Verkís verkfræðistofu fór í grófum dráttum yfir skýrslu um þær sýnatökur sem farið hafa fram í húsnæði Fossvogsskóla á nýliðnu sumri og hvernig unnið hefur verið að umbótum út frá niðurstöðum þeirra.

Verkbeiðni barst í lok síðasta skólaárs um að fara yfir ákveðin svæði í Fossvogsskóla í kjölfar ábendinga sem bárust frá foreldrum, starfsmönnum og Reykjavíkurborg um að mögulega væri enn óheilmæmt loft í húsnæði skólans.

Sýnataka 1. Snemma sumars voru tekin 90 snertisýni í öllu húsnæði skólans; Vesturlandi, Meginlandi og Austurlandi. 15 sýni mældust með hækkuð gildi; þar af nokkur vegna skorts á þrifum á flötum sem fylgja ekki almennu þrifaplani. Bent var á að gæta þurfi vel að þrifum á svæðum þar sem viðkvæmir einstaklingar eru.

Í fjórum tilvikum var gerð krafa um útskiptingu efnis. Því var fylgt eftir í öllum tilvikum.

Skriðkjallari undir Vesturlandi var hreinsaður vel á síðasta skólaári og í sumar. Í kjölfarið var öllum götum lokað sem gengu upp úr skriðkjallara og upp í Vesturland og því hefur hann verið lokaður algerlega af.

Sýnataka 2. Tekin voru 15 sýni á mismunandi stöðum sem höfðu hækkuð gildi og vænst að væru lág í sýnatöku 2. Af þeim voru fjögur sýni sem voru yfir mörkum send til Náttúrufræðistofnunar Íslands [NÍ] í tegundagreiningu. Á meðan beðið var niðurstöðu NÍ komu fram áhyggjur af veru nemenda í stofu 16. Farið var í ítarlegri skoðun þar og fundust örlitlar skemmdir sem voru fjarlægðar næstu helgi á eftir. Ekki var farið í sýnatöku í þeim viðgerðum heldur var allt skemmt byggingarefni fjarlæggt. Allt innra byrði var tekið og skoðað vel inn í alla veggj.

Stuttu seinna komu niðurstöður úr sýnunum fjórum sem sýndu tvær varhugaverðar myglur (tvær fyrst nefndu):

- Kúlustrýnibba er dæmigerð í vatnsskemmdum spónaplötum. Hún kemur ekki utan frá heldur er líklegra að hún hafi verið til staðar í húsnæðinu, leyfar frá gömlum tíma.
- Litafrugga fannst í smíðastofu og var fjarlægð strax.
- Klatosporium er í öllum sýnunum sem er dæmigert fyrir rotnandi lauf.
- Grámyglan er dæmigerð fyrir að vaxa í ruslinu okkar.

Það kom á óvart að síðast talda er alls staðar og í rýmum sem eru ótengd, leitað er mögulegra skýringa því niðurstöðurnar þykja óeðlilegar. Nefnt var að fyrst voru sýni send í ræktun hjá

Sýni ehf., þar sem þau eru geymd þar til þau fara til NÍ. Líklegasta skýring er að sýnin hafi skemmst í þessu ferli.

Kjarnasýnataka var gerð á öllum fjórum stöðum. Kjarnasýnin mælast öll hrein. Bent var á að snertisýni séu viðkvæmari en kjarnasýni. Í kjarnasýnum sáust engin merki um myglu.

- Bent var á að engar spónaplötur eru á þessum stöðum. Bent var á að hreinsa þurfi glugga í Austurlandi vel árlega með því að skrúfa þetta niður loftræstiristar.
- NÍ benti á að kúlustrýnibba er sveppur sem býr til sveppaeiturefni og vex oftast innan húss í blautum spónaplötum, hún getur myndað grænt lag á plötunni. Gróin eru límd saman þar til sveppurinn deyr og þá getur minnsta hreyfing splundrað þeim upp í loftið. Í fyrstu sýnatöku í mars 2019 var kúlustrýnibba mjög víða í skólanum. Mögulegt er að hún sitji eftir og dreifist um skólann. Erfitt er að sjá við sveppum nema að maður finni upptökin.
- Litafrugga er sveppur með minni gró og myndar líka eiturefni. Hún finnst oft undir línóleum gólfdukkum sem hafa blotnað. Litafrugga býr til létt gró sem dreifast auðveldlega með lofti og geta farið ofan í öndunarfæri fólks.
- Foreldri í Fossvogsskóla spurði hvort fullnægjandi væri að sveppagróður myndist í fjórum sýnum til að einstaklingar finni fyrir áhrifum af því að vera í húsnæðinu? Svarað var að ef fólk verður ekki fyrir einkennum af því að vera í byggingunni í klukkutíma eða lengur er það fullnægjandi; annars ekki.
- HER benti á að kúlustrýnibba og litafrugga hefðu ekki komið utan frá og inn. HER ræddi lengi um þrif og annað við fjölmiðla. Það geta verið eftir leyfar frá fyrri stigum í byggingunni. Spurt var um ályktanir frá sýnatöku 1. HER telur að búið sé að fara í allar þær framkvæmdir sem hægt er að fara í varðandi heilnæmi húsnæðisins. Mögulega eru enn leyfar af ástandi sem var. Sýni af ætisskálum segja mikið en ekki allt.
- SFS bendir á að farið hefi verið í útskiptingu á efni. Getur verið að agnir séu enn í umhverfinu sem geta framkallað viðbrögð hjá þeim sem eru viðkvæmir fyrir mengun af völdum myglu.
- NÍ bendir á að alltaf þurfi að hreinsa til eftir það sem búið er að laga. Það eru ekki bara gró sem skipta máli heldur einnig sveppabrot sem geta haft ofnæmisvaldandi áhrif. Dauðir sveppir geta líka valdið vandræðum. Góð loftræsting hjálpar viðkvæmu fólki að þola veru í rými sem mögulega er óheilnæmt. Bent er á að nýjar innréttingar skipta máli varðandi alla vinnu sem þessa. Einhvers staðar hafa þessi gró komið frá og væntanlega dottið úr lofti.
- HER ræðir notkun á orðinu *heilsuspillandi*. Farið er að nota meira *mengun af völdum sveppa*. Í öllu þessu samhengi eru mjög margt annað sem kann að vera - vistkerfi sem verður til þegar byggingarefni blotnar, sveppir og aðrar rakasæknar örverur,
- Starfsmaður í Fossvogsskóla spyr hvort litafrugga geti enn verið undir gömlum dúk þar sem eingöngu var skipt um hluta hans.
- Foreldri í Fossvogsskóla spyr um DNA sýni sem tekin eru til að greina tegundir sveppa: Geta slík próf fundið sveppi? NÍ nefndi að það væri mjög takmarkandi hvað hægt væri að greina með DNA sýnatöku og því væri hún ekki notuð til greininga á myglu.
- NÍ svarar því til að kannski finnist sveppir í þess háttar prófum en ekki eingöngu.
- USK spyr hvort raki í glugga geti myndað svepp inni á gólfi þar sem enginn raki hefur komist að?
- NÍ bendir á að sveppirnir myndu vera undir dúknum og erfitt sé að segja af eða á um hvort sveppur vaxi undir dúk. Jafnframt er bent á að það þurfi bleytu til að koma myglu af stað.
- HER bendir á að verið sé að velta fyrir sér smæstu smáatriðum og benda á sveppagró séu hluti af okkar eðlilega umhverfi. Ekki sé hægt að útiloka þau úr húsnæði. Hér þurfi að horfa til þess hvað sé eðlilegt svo hægt sé að setja þetta í samhengi við eðlilegt húsnæði. Í Fossvogsskóla hefur mælst þurrt loft.

- Ní bendir á að alltaf megi búast við að eitthvað af sveppum þvælist um loftið og þá á pari við útiloftið. Sveppir eigi ekki að vaxa innan húss ekki sé æskilegt að sveppavöxtur sé undir gólfduík eða öðrum gólfefnum. Sveppir koma inn með útilofti en vöxtur þeirra á ekki að vera innanhúss. Bent er á að hér getur verið gamall og dauður sveppur sem dreifist um loftið og því þarf að taka allt mengað efni burtu.
- USK bendir á að byggingarefni hafi verið rakamælt, þar sem enginn raki var voru engin sýni tekin.
- Ní bendir á að ef efni er myglað sjáist litaskipti á því eða ójöfnur.
- Foreldri í Fossvogsskóla bendir á að öll fjögur sýnin sem tekin voru í september hafi verið tekin þar sem nýbúið var að fara í miklar framkvæmdir. Er tilefni til að fara í frekari sýnatökur; að gefa yfirborðinu tíma og skoða það svo aftur? Ef kúlustrýnibban finnst eftir einhvern tíma þá þurfi að fara í frekari sýnatökur!
- Foreldri í Fossvogsskóla greinir frá því að nokkur börn sýni einkenni um veru í menguðu húsnæði af völdum sveppa. Þau hafi sýnt einkenni áður en framkvæmdir hófust og svo aftur núna að framkvæmdum loknum. Þá kom fram að börnin hafi sýnt einkenni mengunar af völdum myglu í öðrum byggingum líka. Spurt er hvert sé eðlilegt hlutfall barna sem verða bara veik hér í skólanum og hvergi annars staðar. Er það eðlilegt að stoppa hér og útskrifa húsnæðið?
- HER bendir á að það sé ekkert hér og nú. Sterkar vísbendingar séu um að í Fossvogsskóla sé allt í góðu. Það sé annað sem þurfi að skoða áður en hægt sé að segja með vissu að börnin verði veik í húsnæði skólans. Hér sé um að ræða börn sem eiga við vandamál að stríða sem skoða þurfi sérstaklega.
- Foreldri í Fossvogsskóla spyr hvort hægt sé að verða fyrir langtímaafleiðingum af sveppi án þess að sýna einkenni núna.
- Ní svarar því til að það sé tengsl á milli þess að vera útsettur fyrir rakaskemmdu húsnæði og öndunarfærasjúkdóma. Ennfremur að ef einstaklingur finnur fyrir einkennum í húsnæði og hefur verið útsettur fyrir myglu áður þá sé mjög líklegt að það sé mygla í húsnæðinu. Líklegasta skýringin sé að mengun á staðnum valdi þessu.
- Starfsmaður Fossvogsskóla spyr hvað eigi að gera við þau börn sem finna fyrir einkennum í skólahúsnæðinu?
- Ní spyr á móti hvort einhver svæði í húsnæði skólans sé þannig að þau finni ekki fyrir einkennum?
- Starfsmaður Fossvogsskóla segist ekki vilja vera í menguðu húsnæði sem veikir einstaklingar eru fluttir úr og sem starfsmaður verði að vera í því og þegar fram líða stundir þróað með sér einkenni.
- SFS bendir á að hingað til hafi allir verið að gera sitt besta til að gera skólann heilnæman og að unnið hafi verið af heilindum að því. Ákveðið að beita vikulegum alþrifum yfir nokkrar vikur og taka sýni í kjölfarið.
- Foreldri í Fossvogsskóla spyr hvort raunhæft sé að óska eftir því að kortleggja allan skólann út frá tegundagreiningu í sýnatöku.
- HER bendir á að það sé ekkert sem gefi tilefni til að skólinn sé mengaður. Það sé í lagi að endurtaka sýnatöku en líklega komi ekkert út úr því.
- USK bendir á að ef taka eigi sýni þá þurfi að þrifa húsnæðið vel og oft og láta líða nokkuð langan tíma áður en þau eru tekin. Flytja þurfi nemendur í umhverfi innan skólans þar sem þeim líður vel.
- Að lokum var ákveðið að fara í vikuleg þrif sem fagaðilar framkvæma í þrjú til fjögur skipti. Þau þrif koma til viðbótar við regluleg þrif í skólahúsnæðinu. Þrifa þarf allt húsnæðið mjög vel næstu vikurnar. Það sé tvennt ólíkt að hreinsa húsnæði fyrir venjulegt fólk og svo fyrir næmt

fólk. Í kjölfar þrifa í nokkur skipti verður sýnataka á ný. Í kjölfar niðurstaðna hennar verða næstu skref ákveðin. Að auki þarf að leggja sérstaka áherslu á aukna loftræstingu í skóla-
húsnæðinu næstu vikurnar. Líklegast er talið að eitthvað sé í loftinu og að erfitt geti verið að
fjarlægja það sem maður finnur ekki.

- Bókað er að starfsmaður USK komi til skólastjóra næsta dag og fái yfirlit yfir þær skólastofur
þar sem vitað er að nemendur finni fyrir einkennum vegna mengunar af völdum sveppa.

Fundi slitið kl. 17:40